Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Niðurjöfnun útsvara 1901-1907

Aðfnr. 1284 1/2, örk 3


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Niðurjöfnunarnefndarskjöl

haustið 1903.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
bæjarfógetans í Reykjavík.

Nj.nefnd 15. jan. 1904.

Með bréfi þessu skal yður, herra bæjarfógeti, skýrt frá störfum niðurjöfnunarnefndarinnar við álagning aukaútsvara til bæjarþarfa um árið 1904.

Nefndin lauk störfum sínum á lögboðnum tíma og er skráin yfir aukaútsvörin hafði legið frammi til sýnis almenningi um lögmælt skeið, bárust nefndinni kærur frá 19 gjaldþegnum; 2 af þessum kærum bárust þó eigi nefndinni í hendur fyrr en eptir það er lögboðinn frestur var útrunninn, en voru ræddar og úrskurðaðar engu að síður. Til þess að ræða og úrskurða þessar kærur var 1 fundur haldinn, 4. þ.m., og var þá þessi breyting gerð á skránni:

I. Nýr gjaldandi tekinn á skrá:

Jón Guðmundsson, Grettisg. 49 kr. 8,00

II. Þessir fengu lækkun á gjaldi:

1. Eiríkur Jónsson, Bergstst. 32. - 4,00
2. Eiríkur Sigurðsson, Bergststr. 9. - 4,00
3. Erlendur Jónsson, Klapparst. 13. - 4,00
4. Grímur Ásgrímsson, Grettisg. 30. - 8,00
5. Halldór Friðriksson, skipstjóri - 5,00
6. Hildibr. Kolbeinsson, Hákoti - 4,00

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| 7. | Jacobsen, E. verzlunarm. | kr. 5,00 |
| 8. | Magnús Árnason, trésmiður | – 5,00 |
| 9. | Schou, Jul. steinsmiður | – 20,00 |
| 10. | Sigurður Thoroddsen | – 10,00 |
| 11. | Vilhjálmur Árnason trésmiður | – 6,00 |
| | | 75,00 |

III. Þessir voru lýstir undan öllu gjaldi:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Katrín Þorleifsdóttir, Holtsg. 9. | kr. 4,00 |
| 2. | Lárus Vigfússon, frá Kirkjuvogi | – 16,00 |
| 3. | Vilhjálmur Ingvarsson, frá Bæ | – 16,00 |
| 4. | Þorgerður Þorsteinsdóttir, Grettisg. 49 | – 8,00 |
| | | 44,00 |

IV. Þessir hafa kært, en enga áheyrn fengið:

1. Guðm. Bjarnason klæðskeri
2. Lárus Benediktsson, uppgjafapr.
3. Ólafur J. Proppé, verzlunarm.
4. Þorgrímur Jónsson, stýrimaður.

~~Reikning yfir kostnað af niðurjöfnunarstörfinu munum vér senda innan skamms~~.

Því næst endursendum vér yður, samkvæmt fyrirmælum yðar, öll þau skjöl, er voru með bréfum yðar frá 4. júlí og 29. okt. f. á.

Eptir tilmælum vorum var ~~skráin~~ nokkur hluti skrárinnar, er tók yfir öll 15 kr. útsvör og þar yfir, prentaður í „Ísafold“ og fékk

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nefndin til umráða um 50 eintök
af öllu saman sérprentuð. Það
er nefndinni ómetanlegur hagræði að hafa
skrána (milli álagninga) ávalt hendi nær og geta gert
athugasemdir um eitt og annað, er
að efnahag eða ástæðum gjaldþegna
lýtur, jafnskjótt sem hver nefndar-
maður fær vitneskju um slíkt. Treystir
nefndin því, að bæjarstjórnin greiði
þann örlitla kostnað, er af þessu
leiðir. Bezt væri, ef skráin fengist
öll prentuð á hverju hausti, en fram
á það treystumst vér ekki að fara
í þetta sinn. Prentun ~~skránnar~~ heftanna
mundi kosta um 50 kr.

Reikning yfir kostnað af niður-
jöfnuninni munum vér senda
innan skamms.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 18. d september mán. 1903.

Með brjefi þessu gjöri jeg yður, herra adjunkt, sem formanni niðurjöfnunarnefndarinnar, vitanlegt, að á kjörfundunum 29. f. m. og 5. þ. m. voru þeir Mattías A. Matthiesen skósmiður og Þorsteinn Þorsteinsson skipstjóri kosnir í niðurjöfnunarnefnd kaupstaðarins í staðinn fyrir bæjarfulltrúana Kristján Þorgrímsson og Hannes Hafliðason og fyrir þann tíma, sem þeir áttu eptir að sitja í nefndinni. –

Halldór Daníelsson

Til
adjunkts Pálma Pálssonar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég bið heiðraða niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur að koma á fund heima hjá mér (í Latínuskólanum) kl. 7 í kvöld mánudaginn 31. ágúst 1903. til þess að úrskurða eina kæru undan útsvari, er á var lagt í vor.

Reykjavík 31. ágúst 1903.

Pálmi Pálsson
p.t. form. nefndarinnar.

Ásgeir Sigurðsson kemur
Gísli Jónsson í Nýlendu syeð
Guðm. Guðmundsson
Jónas Jónsson í Steinsholti
Mattías Mattíasson ~~[illegible]~~ i
Ólafur Ólafsson kemur
Sigvaldi Bjarnason kemur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugardaginn 11. þ. m. kl. 4 síðdegis
verður aukaniðurjöfnunarfundur haldinn í bæjarþingsstofunni og eru allir niðurjöfnunarmenn beðnir að koma stundvíslega.

Reykjavík 10. júlí 1903.

Halldór Daníelsson

Ásgeir Sigurðsson
Gísti Jónsson
Guðm. Guðmundsson
Jónas Jónsson
Ólafur Ólafsson
Sigvaldi Bjarnason

Matthías Á. Mathiesen

Séð
Þorsteinn Þorsteinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég bið heiðraða niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur að koma á fund í bæjarþingsstofunni (í hegningarhúsinu) **mánadaginn 2. nóv. næstk., kl. 4 síðdegis**, til þess að byrja á störfum sínum, þeim er lúka skal við í næsta mánuði.

Reykjavík 31. okt. 1903.

Pálmi Pálsson
p.t. formaður nefndarinnar.

Ásgeir Sigurðsson séð
Gísli Jónsson já.
Guðmundur Guðmundsson séð
Jónas Jónsson já
Mattías Matthiesen já
Ólafur Ólafsson séð
Sigvaldi Bjarnason séð
Þorsteinn Þorsteinsson séð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK.

Reykjavík 4. d. júlí mán 1903

Til leiðbeiningar við aukaniðurjöfnun á útsvörum til bæjarsjóðs, sem nú á fram að fara, vil jeg hjermeð tjá hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd að menn þeir er taldir eru hjer á eptir hafa fengið atvinnuleyfi í kaupstaðnum síðan 24. Oktober f. á.

I. Borgarabrjef:

× 1. Margrjet Bjarnasen
× 2. Ólafur Jónsson
× 3. Runólfur Þorsteinsson
× 4. Daníel Berentsöft
× 5. Grímur Þórðarson
× 6. Jes Zimsen
× 7. Kristján Ó. Kristjánsson
× 8. Gísli Finnsson
× 9. Sveinn Sigfússon
× 10. Magnús Blöndal
× 11. Þorst. Þorsteinsson
× 12. Kristín Jónsdóttir
× 13. Jón Jónasson
× 14. Benoní Benonísson
× 15. Jón Brynjólfsson
× 16. Gustav O. Abrahamsen
× 17. Magnús Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

II. Skipstjóraskýrteini:

× 1. Jón Jóhannsson
× 2. Jóhann Fr. Björnsson
× 3. Halldór Kristj. Þorsteinsson
× 4. Ingim. Pjetursson
× 5. Jón Hildeberg Sigurðsson
× 6. Friðrik Björnsson
× 7. Halldór Steinsson
× 8. Ól. Rögnv. Rögnvaldsson
× 9. Aðalbjörn Bjarnason

III. Sveinsbrjef:

× 1. Jens Eyjólfsson trjesmiður
× 2. Guðm. Gíslason — " —
× 3. Vilhj. Brandsson gullsmiður
× 4. Páll Snorrason trjesmiður
× 5. Árni Árnason söðlasm.
× 6. Vilhj. Árnason trjesm.
× 7. Bjarni Erlendsson skósm.
× 8. Jónas Sveinsson bókbindari
× 9. Ketill Bjarnason trjesmiður
× 10. Jón Sigurðsson járnsmiður
× 11. Tómas Tómasson trjesmiður
× 12. Helgi Helgason — " —
× 13. Helgi Jósepsson — " —
× 14. Kristinn Jóhannsson — " —
× 15. Þórður Þorsteinsson skósmiður
× 16. Skúli Benjamínsson járnsmiður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## IV. Lausamennskuleyfi:

× 1. Þuríður Sæmundsdóttir hjá Bergi Jónss. skipstj.
× 2. Guðbjörg Einarsdóttir hjá Ásgeir Eyþórss. Nýl. g.
× 3. Sigurður Daníelsson frá Hvíldarhóli
× 4. Jón Pálsson hjá Hjalta Jónssyni skipstj.
× 5. Jón Markússon hjá Katli Bjarnasyni.
× 6. Sigurður Eyjólfsson hjá Guðm. Diðrikssyni
× 7. Jón Ólafsson hjá Gísla Þórðarsyni Nýjabæ
× 8. Einar Kristófer Egilsson hjá Guðm. í Veghúsum
× 9. Ingibj. Guðmundsd. hjá Guðm. Þórðars. frá Hálsi
× 10. Ingibj. Þorkelsd. hjá Þorst. Egilssyni Vg. 46.
× 11. Sigurbjartur Hróbjartsson hjá M. Hróbj. s. Hvg. 31.
× 12. Guðm. Sigurðss. frá Brú í Holt. hjá Eyj. Ófeigss.
× 13. Arndís Sigurðardóttir Lindarg. 12.
× 14. Halldór Pálsson Nýlendug. 22.
× 15. Sigurlaug Guðmundsd. hjá Sighv. Árnasyni
× 16. Gísli Magnússon hjá Stgr. trjesmið
× 17. Jón Jónsson frá Viðey Klapparstíg 8.
× 18. Magnús Hjaltason Þingh. str. 22.
× 19. Signý Sigmundsd. Skólav. st. 11.
× 20. Ólöf Guðmundsd. Hverfisg. 40.
× 21. Sigurður Árnason hjá Ól. Eiríkss. söðlasm.
× 22. Margrjet Hinriksd. hjá Jóni Þórðars. kaupm.
× 23. Þórunn Gísladóttir hjá Guðm. Guðm. syni Hvg.
× 24. Steinvör Aradóttir Hverfisg. 40.
× 25. Sigríður Ólafsdóttir Litlalandi
× 26. Helga Árnadóttir Lindargötu 12.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

V. Húsmennskuleyfi:

× + 1. Jón Erlendsson frá Fljótsdal
× × 2. Haraldur S. H. Jónsson Skólav.stíg 4 b.
× + 3. Jón Erlendsson frá Eyrarbakka
× 4. Jón Jónsson frá Miðey Landeyjum
+ 5. Friðfinnur Pjetursson
× × 6. Símon Símonsson Berjanesi Landeyjum
× × 7. Árni Runólfsson Áshól
+ + 8. Einar Sigurðsson Seli í Vík
× + 9. Hafliði Jónsson Haugi í Flóa
× + 10. Guðmundur Hannesson Hvítárvöllum
× × 11. Jórunn Guðmundsd. ekkja Skipholti.
12. Þórður Erlendsson dyrav. latínuskólanum
× × 13. Helgi Höskuldsson Keldum
× + 14. Guðjón Þórðarson Gerðakoti
× × 15. Björg Magnúsdóttir ekkja Breiðholti
× × 16. Jón Árnason Breiðholti
× + 17. Ásbjörn Guðmundsson Keflavík
× + 18. Gísli Guðmundsson Kollafirði
× + 19. Páll Hallsson Elliðavatni
× + 20. Ámundur Ólafsson Keflavík
× × 21. Jón Jónsson Kirkjuferjuhjáleigu
× × 22. Magnús H. Stephensen Austvaðsholti
+ × 23. Grímur Ásgrímsson Gljúfri Ölfusi
× 24. Jóhannes Kristjánsson Granaborg
× 25. Tómas Klog Pálsson
× × 26. Lárus Vigfússon Kirkjuvogi Höfnum
+ 27. Þorleifur Árnason Bergstaðastr. 48.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

× × 28. Eiríkur Kristjánsson Miðdalskoti, Kjós
× × 29. Helga Guðmundsdóttir Vatnsdal
× × 30. Steingrímur Torfason Hafnarfirði
× × 31. Hafliði Hafliðason Skólastofu 1.
× × 32. Sigurður Halldórsson Kúhól Landeyjum
× × 33. Sigurður Ólafsson Butru í Fljótshlíð
× × 34. Magnús Einarsson Ormstöðum Grímsnesi
× × 35. Magnús Magnússon Ólafsvöllum Skeiðum
× × 36. Kristmann Tómasson Akranesi
× × 37. Stefán Þórðarson Götu í Ásahreppi
× × 38. Guðm. Helgason Ásum Gnúpverjahr.
× × 39. Bjarni Einarsson Þurá í Ölvesi
× × 40. Páll Jónsson Skjalaþingsst. Norðurm. s.
× × 41. Rafn Júlíus Símonarson Vindheimi í Norðf.
× × 42. Tómas Finnsson Eyvík Grímsnesi
× × 43. Steinn Einarsson Stokkseyri
× × 44. Guðjón Helgason Skipholti Hrunam. hr.
× × 45. Guðm. Helgason Sýruparti á Akranesi
× × 46. Ísleifur Einarsson Skipholti Hrunam. hr.
× × 47. Einar Jónasson Brekkusandi Mjóaf.
× × 48. Sigurður Gíslason Eyfakoti Eyrarb.
× × 49. Sigurður Jónsson Hafnarf.
× × 50. Sigurður Guðmundsson Skildinganeskoti
× × 51. Sigurður Sigurðsson Gjáhúsum Grindavík
× × 52. Eiríkur Ingimagnusson Akranesi
× × 53. Guðm. Diðriksson Litlabæ Álftanesi
× × 54. Guðm. Hannesson Keflavík
× × 55. Júlíus Guðbrandsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

× × 56. Ólafur Stefánsson frá austurey.
× × 57. Sigmundur Þorleifsson frá Bíldudal
× × 58. Elín Snorradóttir ekkja frá Hafnarf.
× × 59. Guðmundur Felixsson frá Skumsstöðum
× × 60. Þorgeir Pálsson Laugav. 46
× × 61. Þorsteinn Jónsson Vindási
× × 62. Jón Gíslason Póki Eyrarbakka.

Umsóknarbrjef frá þeim mönnum, er húsmennskuleyfi hafa fengið, fylgja hjermeð til athugunar, og óskast þau endursend. –

Halldór Daníelsson.

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 14. d oktober mán. 1903.

Fyrir hönd bæjarstjórnarinnar vil ég biðast álits hinnar heiðruðu niðurjöfnunarnefndar um meðfylgjandi beiðni frá Guðbjörgu Einarsdóttur, um lækkun á aukaútsvari hennar til bæjarsjóðs þ. á.

Fylgiskjalið bið ég mjer endursent með svarinu.

Halldór Daníelsson.

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK.

Reykjavík 29. d. ~~nóvbr.~~ Október mán. 1903.

Samkvæmt áætlun um tekjur og gjöld Reykjavíkur kaupstaðar árið 1904 ber að jafna aukaútsvörum á bæjarbúa það ár að upphæð Kr. 39252,74a. að viðbættum 5% — 10% eins og venjul. er. —

Jafnframt því að tilkynna hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd þetta fylgja hjer í eptir til afnota og leiðbeiningar við niðurjöfnunina, skrá yfir þá menn, er fengið hafa atvinnu og aðsetursleyfi í bænum síðan síðasta aðalniðurjöfnun fór fram í janúarm. síðastl., svo og umsóknarbrjef þeirra manna, er tómthúsmannaleyfi hafa fengið, með fylgiskjölum og bið jeg yður þau endursend þegar niðurjöfnunarnefndin hefur notað þau:

I. Borgarabrjef.

1. Guðjón Jónsson kaupm. Laugav. 61.
2. Jón Gíslason — " — " — 12.
3. Ágúst Benediktsson — " — Laufásv. 4.
4. Sveinbjörn Stefánsson — " — Skólav. stíg 33.
5. Haraldur Sigurðsson — " — Hverfisg. 18.
6. Jón Helgason — " — Laugav. 45.
7. Ámundi Árnason — " — Laugav. 21.

II. Skipstjóraskírteini.

1. Sigfús Jósepsson Skólav. stíg 17.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## III. Sveinsbréf.

1. Magnús Erlendsson, gullsmiður.
2. Otto Guðni (~~Guðmundsson~~) Helgason, trésmiður
3. Sigurjón Kristjánsson, járnsmiður
4. Steindór Hjörleifsson, járnsmiður

## IV. Lausamennskuleyfi.

1. Gunnar Jónsson hjá Andr. Pjeturss. skósm.
2. Þórey Guðmundsdóttir, Laugaveg 57.
3. Guðbjörg Pálsdóttir, Laugaveg 48.

## V. Húsmennskuleyfi.

× 1. Vilhjálmur Ingvarsson frá Bæ við Hrútafjörð
× 2. Þórður Ólafsson, frá Hafnarfirði
× 3. Þórólfur Bjarnason, Skólastíg
× 4. Erlendur Erlendsson, Árbæ
× 5. Þorv. Ólafsson frá Eyði í Garði
× 6. Guðm. ~~Magnús~~ Magnússon frá Bakka í Hvalfj. strönd
× 7. Guðjón Þórólfsson frá Valla í Kjalarnesi
× 8. Þorsteinn Sveinbjarnarson frá Gerðakoti, Eyjafjöllum
× 9. Valdimar Guðmundsson, Laugaveg 72.
× 10. Þórður Benediktsson, Vesturgötu 14.
× 11. Bjarni Arnason, Reykjavík
× 12. Jón Jónsson, Lindargötu 40.
× 13. Einar Guðmundsson, frá Þorlákshöfn
× 14. Bergsteinn Jóhannsson frá Strönd í Landeyjum
× 15. Sig. Jónsson frá Firði í Seyðis- ~~Mjóa~~ firði
× 16. Sig. Helgi Sigurðsson frá Ólafsvík
× 17. Helgi Sigurðsson, Kópavogi. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Pétur Andr. Martinusson, Vitastíg 8.
19. Guðm. Sveinsson frá Hvallátrum, Breiðafirði
20. Björn Jónsson, á Villingadal, Dalasýslu
21. Sæm. Þórðarson, á Hólum í Stokkseyrarhr.
22. Oddur Hallvarðsson, Vesturgötu 46.
23. Guðm. Jónsson, frá Stórahofi í Gnúpverjahr.
24. Ingvar Ingvarsson frá Kalmanstjörn
25. Kristján Sigurðsson, á Hrólfsskála
26. Bjarni Helgason, Hverfisgötu
27. Ólafur Hafliðason frá Birnustöðum
28. Sigurjón Arnlaugsson á Holti í Garði.
29. Einar Steinþórsson, Sandgerði.
30. Lýður Þórðarson, [illegible] í Austurstr. 8.
31. Hallgrímur Gíslason frá Ámýri í Gaulv.bæjarhreppi
32. Einar Einarsson, Sólheimum, Bræðrab.stíg
33. Jón Runólfsson, frá Miðdal í Biskupstungum
34. Gísli Eyjólfsson á Melum í Gaulv.bæjarhreppi
35. Jón G. Waage, Bergstaðastræti 44.
36. Jón Ólafsson, Eiði í Garði.
37. Ólafur Jónsson, kaupfél. Akranesi.
38. — " — Þ. Thorlacius frá Bíldudal.
39. Magnús Magnússon, Reykjavík.
40. Þórður Jasonsson, frá Stokkseyri.
41. Jóhann Þórðarson, á Brekku í Mjóafirði.
42. Eyj. Eyjólfsson, á Eyvindarmúla.
43. Guðm. Magnússon — " — Digranesi
44. Eyjólfur Sigurðsson, Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

× 45. Sveinn Jónsson, Reykjavík
× 46. Þorleifur Þorleifsson — " —
× 47. Einar Jónsson, frá Hóli hrepps-br.
× 48. Árni Árnason, — " — [illegible]
× 49. Jón Einarsson — " — Ferjunesi, Flóa.
× 50. Pétur Erlendsson, Reykjavík
× 51. Sig. Árnason — " —
× 52. Kristmundur Guðmundsson — " —
× 53. Ólafur Þórðarson — " —
× 54. — " — Ísleifsson, Hólakoti
× 55. Sigurður Jónsson, Bergst. str. 17.
× 56. Helgi Magnússon, frá Múlakoti á Síðu
× 57. Jón Steingrímsson, — " — Tjörn á Miðnesi.

Halldór Daníelsson

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjaldi ekkjunnar (8 kr.) slept, en lagt á Jón Guðmundsson sjálfan.

Jeg undirritaður, læt-ina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd-hjer með vita, að Ekkjan Þorgerður Þorsteinsdóttir frá Brekku er vinnukona hjá mjer, og þar hún á engar eignir, en hefur dreng með sjer á ómagaaldri sem hún vinnur fyrir- þá get jeg ekki sjeð að henni beri neitt útsvar að gjalda, en með því að jeg hef heyrt að fyrnefnd "niðurjöfnunarnefnd" hafi ekkert útsvar lagt á mig-sem auðsjáanlega stafar af því að hún hefur ekki vitað af mjer,- þar hún hefur ekki haft ina nýju manntalsskrá, til eptirsjónar- þá finnst mjer sanngjarnt að útsvar Þorg. Þorsteinsdóttir-verði lagt á mig, og hennar nafn, verði útstrikað úr gjaldenda flokki.

Reykjavík 8/12 1903

Jón Guðmundsson
(siglfræðingur)

Grettisgötu Nr. 49.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Jón Guðmundsson
Grettisgötu 49.

Rvík. 8. jan. 1904.

Á fundi niðurjöfnunarnefndarinnar 4. þ. m. lagði eg fram herra yðar í bréfi, dags. 8. f. m., fyrir hönd ekkjunnar Þorgerðar Þorsteinsdóttur frá ~~Bakka~~ Brekku og féllst nefndin algerlega á röksemdir þær, er þér þar til tínið, og hefir því úrskurðað, að téð Þorgerður Þorsteinsdóttir skuli laus við að greiða aukaútsvar það, 8 kr., er á hana hafði verið lagt og hefir nefndin jafnframt úrskurðað, að nefnt gjald skuli lagt á yður sjálfan sem aukaútsvar á þessu ári.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 31. Desemb 1903.

Meðt. 4/1 1904.

Lækkað um 4 Kr.

Til formanns hinnar háttvirtu
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur!

Ég undirritaður
leifi mjer hjer með að snúa mjer
til hinnar háttvirtu niðurjöfnunarnefndar
Reykjavíkur, viðkomandi aukaútsvari
því er hún hefur lagt á mig fyrir
ár 1904. að upphæð Kr. 14,- þikir mjer
það heldur þungt álag, af ástæðum
er nú skal greina.

Að ég um miðjan Augustm.
síðastliðinn, var fluttur veikur heim
af skipi því, er ég var háseti á,
og hef síðan ekki mátt ganga að
minni vinnu, þarafleiðandi ekki
gjört mjer mikið gagn síðan.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ennfremur er eg en undir sakarskundi einsog medfylgandi vattord synir.

Af áfangreindum ástædum vil eg leyfa mjer ad beidast þess af hinni háttvirtu nidurjöfnunarnefnd ad hún lækki útsvar mitt fyrir þettad komandi ár.

Reykjavik 3/12 1903

Virdingarfyllst.

Eiríkur Jónsson

Bergstadastræti 32

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. Eiríkur Jónsson
Bergstaðastræti 32.

Rvk. 8. jan. 1904.

Kæru yðar í bréfi, dags. 31. f.m., yfir aukaútsvari því til bæjarþarfa, er niðurjöfnunarnefndin hefði lagt á yður í síðastl. nóvembermánuði, lagði eg fram á fundi nefndarinnar 4. þ.m.

Eftir vandlega athugun úrskurðaði nefndin, að lækka skuli gjald yðar um 4 kr., svo að þér verðið eigi að greiða nema 10 kr. í aukaútsvar á þessu ári.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að Eiríkur Jónsson, Bergstaðastíg 32
hafi frá 12 ág. f. á. og fram til þessa tíma
verið ekki vinnufær vegna sjúk-
dóms, vottast hjer með

Rvík 31/12 '03

Sæm. Bjarnhjeðinsson
læknir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Medt. 9/12 Lekkað um 4 Kr.

Þegar jeg skodadi á niður jöfnunarskránni aukaútsvör Reikjavíkurbúa yfir næstkomandi ár sá jeg að mjer er ætlað að greida 16 Krónur í aukaútsvar til bæarsjóðs þettað gjald þikkir mjer ofhátt sett í samanburði við aðra gjaldendur ímsa er hafa einsgóð og sumir betri efni og ástæður enn jeg og hafa þó lægra aukaútsvar jeg á aungvar veru legar eigur eða eignir sem kallast geta og hefi ej annað við að stiðjast mjer og mínum til lífsframfæris enn þá almennu landvinnu sem jeg get feingið síðann jeg heilsu minnar vegna varð að hætta að stunda sjómensku og er því síðann vinnu arður minn nokkað rírari enn áður
jeg er giftur og eigum við hjón 2 börn á 3 og 1 ári er jeg hef mikilfum meðalam

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og nokkurri læknirshjálp orðið til að kosta jég hef 5 mans í heimili enn einar höndur að vinna firir jég verð að hafa vinnukonu konu minni til hjálpar enn ej til ábatavonar eða gróðurs
til samanburðar leifi jég mjer að nefna Guðjón Björnsson verslunarstjóri hjá Birni Kaupmanni Kristjánssoni hann á bæ með góðri lóð og hefur stöðuga atvinnu hjá skilvísum manni
annar, er Oddur Helgason í Hlíðarhúsum hann á einnig bæ þann er hann býr í með filgjandi góðum görðum og verkunarplássi þessu líkt gæti jég fleiri upp talið ef mjer findist á vera þess þörf
Sanngjarnt finst mjer vera að þessir tveir menn hver um sig ættu að greiða aukaútsvarsupphæð þá er á mig hefur nú verið lögð yfir næstkomandi ár enn jég aftur á móti ej hærra gjald enn á þá hefir verið lagt

Hjer með leifi jég mjer virðingarfilst að fara þessá leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd að hún setji nið fir umrædda 16 króna aukaútsvar mitt niður í 10 krónur við það vil jég una enn hærra gjald finst mjer eftir efnum mínum og ástæðum og í samanburði við marga aðra gjaldendur eigi vera sanngjarnt

Bergstaðastíg No 9 Reikjavík
9 desember 1903

Virðingarfilst Eiríkur Sigurðsson
frá Tungu í Grafníngi

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar
Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. Eiríkur Sigurðsson
Bergstaðastræti 9.

Rvík 9. jan. 1904.

Kæru yðar í bréfi, dags. 9. des. f. á., yfir aukaútsvari því, 16 kr., er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða til bæjarþarfa um árið 1904, lagði ég fram á fundi nefndarinnar 4. þ. m.

Þá er nefndin hafði vandlega íhugað þær röksemdir, er þér hafið fram að bera, þótti henni sem hún að þessu sinni mundi mega taka ósk yðar til greina og úrskurðaði því að lækka gjald yðar um 4 kr., úr 16 kr. í 12 kr.; aftur á móti hyggur hún eigi ástæðu til að lækka gjöldin á jafnaðarmönnum yðar að sinni; þeir munu eigi vera þeim mun betur staddir en þér, er á milli er lítið.

Þessi úrslit birti ég yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lækkað um 4 kr.

Þegar jeg las yfir skrá þá er hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd hefur samið yfir gjöld bæjarbúa fyrir næsta ár, varð jeg þess var að gjöldin eru víðast eins og síðastliðið ár, en þó nokkuð mörgum lægri en sára fáum hærri svo að nokkru nemi. Jeg þikist vita að hin heiðraða nefnd muni hafa gjört sjer far um að kynna sjer til hlýtar efni og ástæður þeirra manna sem hún hefur fært gjöldin niður hjá svo það sje gjört af góðum og gildum ástæðum.

Þrátt fyrir það, þá að ef til vill fleirum en einum af meðlimum hinnar heiðruðu niðurjöfnunarnefndar hafi hlotið að vera kunnugt um, að mjer brást algerlega atvinna mín fyrri hluti síðastliðinnar vetrarvertíðar (fram að páskum) hefur henni samt ekki þóknast að færa niður útsvar mitt, sem þó, saman borið margra annara virðist vera full hátt, þó jeg hefði ekki orðið fyrir neinu áfalli:

Jeg vona, þegar hin háttvirta nefnd hefur athugað þær upplýsingar er jeg nú leyfi mjer að senda henni, sjái sjer fært að færa gjald mitt niður, þar sem hún hefur haft ástæður til að færa niður útsvör sumra gjaldenda frá 1/3 – 1/2 t. d. herr Erlend Zakaríasson verkstjóra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

herra Bjarna Jónsson trjesmið o fl. sem mjer vit-
anlega hafa ekki orðið fyrir nefndum sjerstökum
áföllum.

Reykjavík 29. desember
1903.

Virðingarfyllst
Erlendur Jónsson

Adressa Klapparstíg 13 A.

Til

Formanns niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. Erlendur Jónsson
Klapparstíg 13 A.

Rvík. 8. jan. 1904.

Kæru yðar í bréfi, dags. 29. f.m., yfir aukaútsvari því til bæjarþarfa, að upphæð 16 kr., er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða um árið 1904, lagði eg fyrir nefndina á fundi hennar 4. þ.m.

Í þetta sinn

Þá er nefndin hafði vandlega íhugað röksemdir yðar, úrskurðaði hún að taka kröfu yðar til greina að því leyti að færa skuli gjaldið niður um 4 kr., úr 16 kr. í 12 kr., með því að atvinna yðar síðastliðið ár muni hafa verið rýrari en áður af þeim sökum, er þér nefnið.

En þar sem þér eruð að gaspra um óþarfa lækkun útsvara sumra annara gjaldanda, þá sýnir það að eins stakan ókunnugleik yðar og að þér munið manna síst fær að dæma um það efni.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mótt. 23/12.    Lækkað um 8 kr.

Með brjefi, dags. 23. febr. þ. á. bað jeg hina hátt-
virtu fátækrastjórn um að veita mjer leyfi til tómt-
húsmennsku í Reykjavík frá 1. október þ. á. og
framvegis. Með brjefi bæjarfógetans, dags. 27. febr. þ. á.
var mjer tilkynnt að mjer væri veitt þetta umbeðna
leyfi frá ~~lokum~~ síðastliðins septembermánaðar, og
samkvæmt því flutti jeg hingað um þau mánaðamót;
hefi jeg því af yfirstandandi ári átt heima í Reykja-
vík aðeins 3 mánuði. Í umsóknarbrjefi mínu skýrði
jeg frá, að jeg ætti 400 kr. í láni hjá þáverandi húsbónda
mínum, og þar að auki 6 kindur, reiðtygi og nokkur sjóklæði;
meiri eigur ætti jeg ekki, en jeg væri einhleypur og ætlaði
að hafa systur mína fyrir bústýru og bróður minn fyrir vinnu-
mann. — Þegar jeg kom hingað í haust fjekk jeg seint
í októbermánuði bæjargjaldaseðil, þar sem mjer var gjört
að greiða 12 krónur í aukaútsvar til bæjarsjóðs fyrir yfir
standandi ár. Þetta fannst mjer óeðlilega hátt gjald
fyrir 3 mánaða tímabil, þar sem jeg ekki á meiri
eigur en í hæsta lagi 500 kr virði, sem heldur er
varla von þar sem jeg er aðeins 23 ára gamall og hefi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ergan af hlutið og ekki haft annað úr að spila en
vinnumannskaup mitt um fá ár. Samt sem áður
hefi jeg greitt gjald þetta mótmælalaust til bæjar-
gjaldkerans. En nú hefi jeg orðið þess áskynja
að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd hefi lagt
á mig 24 krónur í aukaútsvar fyrir næstkomandi
ár, og við það get jeg ekki unað, nje fundist það
sanngjarnt vera í samanburði við aðra gjaldendur
á mínu reki. Ímynda jeg mjer að þessi upphæð
sje sett af vangá, ókunnugleika eða misskilningi,
því skuldlausar eigur mínar eru, sem sagt, eigi
meira állt í allt en í hæsta lagi 500 króna virði.
Jeg vil alls eigi skorast undan að borga sanngjarnt
og hóflegt gjald til bæjarins í sanngjörnu hlut-
falli við aðra gjaldendur, en jeg vil ekki þegjandi
láta íþyngja mjer gagnvart þeim ósanngjarnlega.
Jeg leyfi mjer því virðingarfyllst að fara þess á
leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd að
hún, með tilliti til efnahags míns, og með sjerstakri
hliðsjón hins háa gjalds, sem á mig var lagt fyrir
þessa 3 síðustu mánuði yfirstandandi árs, færi þetta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

umrædda 24 króna aukaútsvar mitt fyrir næsta ár niður í 16 krónur, sem jeg af framangreindum atvikum álít og vona að sje sanngjarnt; því á þann hátt væri samt aukaútsvar mitt fyrir tímabilið frá 1. október þ. á. til 31. desember 1904, eða 15 mánuði, samtals 28 krónur, sem virðist vera fullhátt gjald í samanburði við marga aðra gjaldendur, sem eigi eru minni efnum búnir en jeg.

Reykjavík, 19. desember 1903.

(Grettisgötu, nr. 30) Virðingarfyllst.

Grímur Ásgrímsson

Til

niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Grímur Ásgrímsson
Grettisgötu nr. 30.

Rvík 8. jan. 1904.

Kæru yðar í bréfi, dags. 19. des. f. á., yfir aukaútsvari því til bæjarþarfa, 24 kr., er niðurjöfnunarnefndin hafði gert yður að greiða um árið 1904, lagði eg fram á fundi nefndarinnar 4. þ. m.

er þér tilgreinið í bréfinu

~~Af~~ Þeim upplýsingum um efnahag yðar og ástæður, svo og um komu yðar til bæjarins í haust, er nefndinni var áður ókunnugt um, verður nefndin að játa, að þér hafið að þessu sinni orðið nokkuð hart úti, og vill einmitt fyrir þá sök taka kröfu yðar til greina. Hefir nefndin fært þessa árs gjald yðar niður í 16 kr., svo að ósk yðar er þar með að öllu leyti fullnægt.

Þessi úrslit birti eg yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lækkað um 5 Kr.

Medt. 11/12.

Reykjavik 10 desember 1903.

Af gefnu tilefni leifi jeg mjer, að snúa mjer til hinnar heiðruðu niðurjöfnunarnefndar í Reykjavik! Það sem jeg hef fyrir henni að kæra, er aukaútsvar mitt yfir næstkomandi ár 1904, sem mjer finnst vera ofmikið, í samanburði við marga af stjettarbræðrum mínum, sem virðast ekki hafa lakari ástæður; þar sem jeg hef 3 ómaga, en sumir þeirra engan.
Þar fyrir vil jeg leifa mjer að nefna hjer nokkra, þótt sumir þeirra hafi ómaga, en allir undir 30 Kr útsvari, og vonast jeg jafnframt eftir að verði ~~verði~~ lækkað á mjer án frekari skírningar, að það verði ekki hærra en 25 Kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | Kr |
|---|---|---|---|
| 1 | Geir Sigurðsson | Skipstjóri. | 25. |
| 2 | Halldór Þorsteinsson | ——— | 25. |
| 3 | Helgi Gíslason | ——— | 25. |
| 4 | Jóhannes Guðmundsson | ——— | 25. |
| 5 | Karl Ólafsson Byggarði | ——— | 15. |
| 6 | Kristmundur Eysteinsson | ——— | 20. |
| 7 | Pjetur Bjarnason | ——— | 25. |
| 8 | Runólfur Stefánsson | ——— | 18. |
| 9 | Stefán Kr. Bjarnason | ——— | 25. |
| 10 | Stefán Pálsson | ——— | 25. |
| 11 | Vilhjálmur Gíslason | ——— | 25. |
| 12 | Þorvaldur Jónsson | ——— | 25. |

Til niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík.

Virðingarfyllst
Halldór Friðriksson
(Skipstj.)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. skipstjóri Halldór Friðriksson.

Rvík. 8. jan. 1904.

Kæru yðar í bréfi, dags. 10. des. f. á., yfir aukaútsvari því, 30 kr., er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða til bæjarþarfa um árið 1904, lagði eg fram á fundi nefndarinnar 4. þ. m. og er nefndin hafði vandlega íhugað alla málavöxtu, sérstaklega samanburð yðar við þá þá menn, er þér nefnið í bréfinu, úrskurðaði hún, einkum vegna ómegðar yðar, að færa gjaldið niður um 5 kr., úr 30 kr. í 25 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Meðt. 11/12.

Lækkað um 4.00

Jeg hefi lesið yfir aukaútsvarsniðurjöfnun Reykjavíkurkaupstaðar er á að gilda fyrir næstkomandi ár, og leyfi mjer hjermeð eptir nákvæma yfirvegun að fara þess á leit, að aukaútsvar það, er hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd hefir gjört mjer, sem sje 18 Kr. verði lækkað niður í 10 eða að minnsta kosti 12 Krónur.

Ástæður fyrir þessari beiðni minni eru:

1, Sakir heilsubrests, gigtarveiki, hefi jeg síðastl. sumar og sjer í lagi í haust, ekki getið stundað daglaunavinnu þá, er jeg eingöngu hefi atvinnu af, jafnvel þótt jeg sje að eins 54 ára gamall.

2, Kona mín er hálfsjötug, og vinnur með veikum mætti það, sem hún orkar til að halda heimilinu við til fata og matar.

3, Samanburðarmenn við aukaútsvar mitt leyfi jeg mjer að eins nefna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Helga hafnsögumann Teitsson og hr. Jón Magnússon í Skáld, þó jeg gæti talið marga fleiri til samanburðar.

Helgi hefir að eins 16 kr. aukaútsvar, og hefir á margan hátt góða atvinnu, er þar að auki húseigandi, en jeg á að eins að nafninu til ¼ í húsi því er jeg bý á.

Ástæður Jóns í Skáld eru miklu betri en mínar, af því hann er ungur og hraustur og þar af leiðandi hefir ágæta atvinnu, en honum er þó gjört að eins 15 kr auka-útsvar.

Jeg vonti því að endingu að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd taki til greina framangreindar ástæður mínar, og lækki aukaútsvar mitt niður í 10 eða 12 krónur, en fel henni í sjálfsvald að hækka útsvar samanburðarmanna minna.

Hálóti, í Reykjavík 10. desbr 1903.

Virðingarfylst
Hildibrandur Kolbeinss

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkurkaupstaðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. Hildibrandur Kolbeinsson
Hákoti.

Rvík. 11. jan. 1904.

Kæru yðar í bréfi, dags. 10. des. f.á., yfir aukaútsvari því, 18 kr., er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða til bæjarþarfa um árið 1904, lagði eg fram á fundi nefndarinnar 4. þ.m.

Þá er niðurjöfnunarnefndin hafði íhugað röksemdir þær, er þér hafið fram að bera, fanst henni rétt að taka kröfu yðar að mestu leyti til greina og úrskurðaði því, að lækka útsvarsgjald yðar um 4 kr., úr 18 kr. í 14 kr., einkum vegna þess að þér sökum heilsubrests munuð nú orðið síður fær um að stunda þá atvinnu, er þér áður hafið haft með höndum. Aftur á móti sá nefndin enga ástæðu til að lækka útsvör [illegible] yðar í þetta sinn; útsvar annars þeirra hlýtur að hækka að mun næst, ef alt gengur vel.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lækkað um 5 kr.

Medt. 8/12.

Hinni heiðruðu Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkurkaupstaðar hefir þóknast að leggja á mig 30 - þrjátíu - krónur sem fátækraútsvar fyrir næsta ár.

Nú með því að laun mín á þessu ári eru í hæsta lagi 900 kr. og verða væntanlega 1200 kr. næsta ár, þá þykir mjer ofangreint útsvar mitt mikils til of hátt í samanburði við ýmsa aðra og skal jeg virðingarfyllst leyfa mjer að tilfæra þá herra L. Kaaber bókhaldara sem hefur 1500 kr. árslaun, en aðeins 20 kr. útsvar og herra C. Sörensen verzlunarmann, er hefur sömu laun og jeg hefi nú, nfl. 900 kr., og 15 kr. í útsvar.

Fyrir því leyfi jeg mjer hér með að taka þá herra L. Kaaber og C. Sörensen fyrir jafnaðarmenn og krefjast þess, að útsvar mitt sje fært niður í 18 - átján - krónur.

Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að orsökin til þess að jeg eigi kvartaði undan alltof háu útsvari í fyrra, var sú, að jeg var hjer algjörlega ókunnugur og þekkti hvorki mælikvarða þann er farið er eptir þá jafnað er niður fátækraútsvörum manna, né heldur á hvern hátt að hægt væri að fá leiðrjettingu á því ef eitthvað væri til muna athugavert við það.

Skyldi nú, mót von minni, hin heiðraða Niðurjöfnunarnefnd ekki finna ástæðu til að taka ofangreinda kröfu mína til greina, óska jeg að með hana sje farið sem lög mæla fyrir um slík mál.

Reykjavík 7. Dec. 1903

E. Jacobsen.

Til formanns Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. E. Jacobsen
verzlunarmaður.

Rvík. 9. jan. 1904.

Kæru yðar í bréfi, dags. 8. des. f. á., yfir útsvari yðar, 30 kr., því er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða um árið 1904, lagði eg fram á fundi nefndarinnar 4. þ. m.

Nefndin kannast við, að gjald yðar muni vera heldur ~~lítt~~ mikið eftir þeim tekjum, er þér segist hafa og nefndin rengir ekki, í samanburði við aðra menn með líkum tekjum og úrskurðaði því að lækka gjaldið um 5 kr., úr 30 kr. í 25 kr., enda má það eigi kallast mikið útsvar og eigi „mikils til of hátt sett í samanburði við" þá menn, er þér hafið tekið yður til jafnaðarmanna, þar sem efnahagur yðar að öðru leyti mun vera miklu betri en þeirra; lætur nefndin því útsvör þeirra haldast óbreytt að sinni.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Dóttir hans hefir 40 kr. á mán.

Mɛd. 5/12

Aðalstræti 18 Lækkað um 5 kr.

Hin heiðraða Niðurjöfnunarnefnd hjer í Vík, man ekki málltækið, það liggur margur auð í annars garði. það virðist vera svo eftir útsvari því er ~~þeir~~ hún lagði á mig í firra og nú í haust, þar sem flestir í nefnd= inni hljóta að vita að jeg er eigna= laus maður, nema nokkuð af verkfærunum sem þó eru orðin gömul og slitin eins og jeg sjálfur. því þótti mjer kinlegt í firra haust þegar hún hækkaði útsvar mitt um 10 kr sjálfsagt af þeirri ástæðu að þá var verið að bigga neðra Húsið, ~~enn~~ mjer fanst það ekki vera sá gróða vegur fyrir mig, að það gæti verið ástæða til að hækka á mjer út svarið fyrir það. þar sem jeg stend

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að vera verklaus nema til sauminga og útrjettinga, enn jeg tók aungvar krónur inn fyrir það. það var ekki fyrir mjer eins og M. Blöndal og Sveini Jónssyni og fleirum sem hafa haft umsjón yfir fleiri Húsum og vissa peninga fyrir hvört hús. enn lítið þurft að vinna nema hafa umsjónina og útvegur.
í sumar hefi jeg verið atvinnulaus því allir halda að jeg sje orðin ónýtur til vinnu sem satt er. því jeg er ekki orðin fær unnum að vinna stránga vinnu, því jeg er orðin mjög kulvís að vinna úti sem fleiri mundu verða á mínum aldri hálf áttræðir. enn kringum stöðu minna vegna verð jeg

að vinna á meðan jeg get hangið á fótum. því eignir minar eru eins og jeg hefi áður umgetið Húsin eru bæði í miklum skuldum við veðdeildina og víðar. svo það þarf mikið út að borga. og jeg bí nú dírara enn í gamla Húsinu fyrir utan það að jeg á ekkert í neðra Húsinu og lítið í hinu skuldlaust. til samanburðar við mig get jeg tekið marga af trjesmiðunum sem hafa lægra útsvar enn jeg enn hafa haft næga vinnu í alt sumar og hafa enn fyrir utan ýmsa aðra sem hafa betri ástæður enn jeg, enn eru þó lægri. —

Rvk 5/12 — 1903 M. Arnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. trésmiður Magnús Árnason
Aðalstræti 18.

Rvík. 9. jan. 1904.

Kæru yðar í bréfi, dags. 18. des. f. á., yfir því útsvari, 30 kr., er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða til bæjarþarfa um árið 1904, lagði eg fram á fundi nefndarinnar 4. þ. m.

Enda þótt nefndin telji efnahag yðar og ástæður í besta lagi, eftir því sem vænta má af manni í yðar stöðu, þá vill hún þó taka kröfu yðar til greina og úrskurðaði því að lækka gjald yðar um 5 kr., úr 30 kr. í 25 kr., einkum vegna aldurs yðar og þess, að þér munuð nú orðið varla vera orðinn fær um að leggja á yður erfiða vinnu sem í fyrri daga.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lækkað um 20 Kr.

Nið. 26/12.

Háttvirta niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur.

Sökum þess, að jeg sje á skrá aukaútsvara hjer, að útsvar mitt þetta ár er sett 60,00 Kr. Þá get jeg ekki látið hjálíða, að benda ykkur á ástæður mínar.
Tekjur mínar um árið munu að jafnaði vera frá 800 - 1000 Kr. að öllu samantöldu og eignir mínar sjá allir.
Aftur á móti var þetta ár mjer mjög bagalegt hvað efnahag snertir, þar sem útgerð mín færði mjer tilfinnanlegt tap og þar á ofan að skipseign mín skemdist svo, að aðgerðarkosnaður við það hljóp uppá nær 3000,00 Kr. að undanteknu því litla er ábyrgðarfjelagið galt sem var aðeins 391,00 Kr.
Af ofanskrifuðu sjáið þjer, að útsvar mitt þetta ár eins og mörg undangengin ár, er alt of geisihátt, enda þótt jeg hafi ekki kært það hingað til. Og skulum við til samanburðar athuga útsvör Herra lækni Þorgríms Jónssonar og skipstj. Hannesar Hafliðasonar, er að mínu áliti standa fult svo vel hvað efnahag snertir og jeg, en gjalda þó aðeins um 40,00 Kr. hvor
Af þessum ástæðum skora jeg á niðurjöfnunar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nefndina, að lækka útsvar mitt, að minnstakosti þannig, að það sje hlutfallslegt eftir efnum og tekjum við þessa áðurnefndu menn.

Með virðingu

Reykjavík 27. desember 1903.

Jul. Schau

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. steinsmiður Jul. Schou.

Rvík 11. jan. 1904.

Kæru yðar í bréfi, dags. 27. des. f. á., yfir aukaútsvari því, 60 kr., er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða til bæjarþarfa um árið 1904, lagði eg fram á fundi nefndarinnar 4. þ. m.

Þegar nefndin jafnaði niður útsvörunum í haust, sýndi hún lit á því, að hún vildi lækka á yður þetta gjald og færði það því niður um 10 kr., ~~[illegible]~~ en síðan hefir nefndin fengið vitneskju um, bæði af skýrslu yðar sjálfs og úr öðrum stað, að tjón það, er þér biðuð árið sem leið, var meira og yður tilfinnanlegra, en hún hugði í fyrstu. Af þessum ástæðum úrskurðaði því nefndin að taka kæru yðar til greina og lækkaði útsvar yðar enn um 20 kr., úr 60 kr. í 40 kr., enda mun gjald yðar áður hafa verið í meira lagi í samanburði við suma aðra.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mót. 22/12.

Lækkað um 10 kr.

Þar eð jeg get ekki unað við það 150 kr. útsvar, sem hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd hefur sett mig á fyrir árið 1904, leyfi jeg mjer hjermeð að mælast til þess, að hún færi það niður til muna. —

Jeg skal leyfa mjer að bera mig saman við þá: spítalalækni Sæmund Bjarnhjeðinsson, málfærslumann Odd Gíslason og ingeniør Knud Zimsen. — Jeg hefi 3000 kr. í laun og engar aukatekjur, en Sæmundur hefur 2700 kr. föst laun og frían bústað, sem ekki má reikna minna en 300 kr. á ári, auk þess hefur hann nokkra praxis, þó mjer sje ekki kunnugt um hve mikla, hann er þó að minnsta kosti opt og einatt í stað hjeraðslæknis og annara lækna, þegar þeir eru fjarverandi og hefur eitthvað fyrir það. Það er því lýðum ljóst, að hann hefur yfir 3000 kr. tekjur á ári og á því að hafa hærra útsvar en jeg eða jeg lægra útsvar en hann; en hann er settur í 120 kr. útsvar. —

Oddur Gíslason er á tekjuskattskránni settur í 3500 kr. tekjur, hann hefur því 500 kr. meiri tekjur en jeg og hefur engan ómaga — þar sem jeg hefi einn — og hann er að eins settur í 100 kr. útsvar. —

Knud Zimsen hefur sjálfsagt á þessu ári að minnsta kosti 3000—4000 kr. í tekjur; hann hefur 2700 kr. í laun sem ingeniør bæjarins, hann hefur tekið að sjer ýms privat störf, sem hann fær talsvert borgað fyrir, t.d. kirkjugarðsgirðinguna o.fl. þvílíkt, en sjerstaklega má nefna klæðaverksmiðjuna Iðunni og grjótverksmiðjuna Mjölni, þá að auki hefur hann — að mjer er sagt — einkasölu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á Aalborgsementi á hendi o. fl., svo að það er sjálfsagt óhætt að gera honum 4000 kr. tekjur eða meir. — Hann hefur engan ómaga og líklega skuldlaus, þar sem hann á efnaða að, en er þó settur að eins í 90 kr. útsvar. —

Þegar jeg ber mig saman við þessa menn, sem jeg nefndi, finnst mjer mjög ranglátt að setja mjer svo hátt útsvar; annaðhvort er því að setja mig lægra en þessa þrjá eða hækka útsvör þeirra svo að þau verði hærri en mitt.

Reykjavík 21. des. 1903.

SigThoroddsen.

Til
niðurjöfnunarinnar í Reykjavík. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. verkfræðingur Sig. Thoroddsen.

Rvík 11. jan. 1904.

Kröfu yðar í bréfi, dags. 21. des. f. á., yfir aukaútsvari því, 150 kr., er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða til bæjarþarfa um árið 1904, lagði eg fram á fundi nefndarinnar 4. þ. m.

Þegar nefndin jafnaði niður útsvörum á bæjarbúa í haust, sýndi hún lit á því, að hún vildi lækka útsvar yðar og færði það því niður um 10 kr., en með því að vera má, að sú niðurfærsla muni hafa verið helzt til lítil, þá úrskurðaði nefndin að færa gjald yðar enn niður um 10 kr., úr 150 kr. í 140 kr.; þá lækkun virðist þér mega vel við una. ~~Varla getur~~ En ekki ~~komið til mála~~ nefndin átt við að hækka útsvör jafnaðarmanna yðar að svo stöddu. Tekjur Sam. Bjarnhéðinssonar eru á borð við tekjur yðar, er alls er réttilega gætt, engan veginn meiri, en skuldir miklar; tekjur Odds Gíslasonar hafa ~~eru~~, eftir því sem hann segir sjálfur, tæplega jafnast vöxtum sínum á við yðar, oft verið miklu minni, og eru jafnan að miklu leyti óvísar, þar sem hann hefir að eins 800 kr. fastar. Um K. Zimsen er það að segja, að bæjarstjórnin réð hann eigi í sína þjónustu framvegis fyr en eftir það er allri niðurjöfnun var lokið, svo að útsvar hans var sökum þeirrar óvissu látið standa óbreytt í þetta sinn; fyrir þá sök er gjald hans nú allt of lítið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

megið þér eiga víst, að sá skakki verði jafnaður síðar.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Medt. 29/12.

Lækkað um 6.00

Þar sem hin háttvirta Niðurjöfnunar-nemd hefur lagt á mig aukaútsvar 16 kr. hlýt eg við, að stafi af ókunnugleika.
Eg lærði trjesmíði hjá Steindóri Jónssyni snikkara og tók sveinsbrjef síðastliðið vor. svo er eg hans maður eða hjú. fyrir víst um samið kaup þettað ár til 14. maí næst komandi, og getur því víst ekki komið til greina að leggja á mig aukaútsvar.
Þess skal getið, að hin háttvirta Niðurjöfnunarnemd lagði á mig aukaútsvar í sumar. 8 kr. og eg borgaði það, án þess að hugleiða, hvort það væri skilda mín eða ekki.
vildi eg því mælast til að hin (Nemdin) væri svo sanngjörn, að taka það til greina. ef að eg dvel hjer næsta sumar.

með virðingu

Reykjavík, 10. Desember. 1903.

Vilhjálmur Árnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. trésmiður Vilhjálmur Árnason
Klapparstíg 4.

Rvík 11. jan. 1904.

Kæra yðar í bréfi, dags. 10. des. f. á., yfir útsvari því, 16 kr., er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða til bæjarþarfa um árið 1904, lagði eg fram á fundi nefndarinnar 4. þ. m.

Þá er niðurjöfnunarnefndin lagði útsvar á yður í sumar í fyrsta sinn, eftir það er þér höfðuð tekið sveinsbréf, hikaði hún ekki við að láta eitt yfir yður ganga sem aðra menn á yðar reki og í yðar stöðu, því að ef maður, er tekið hefir sveinsbréf í einhverri arðvænlegri atvinnugrein, getur með engu móti skotizt undan hæfilegu útsvarsgjaldi, þótt hann ráðist árlangt í þjónustu meistara fyrir umsamið kaup til að vinna það eitt, er að iðn hans lýtur, hann verður ekki fyrir því eða hjú í venjulegum og lagalegum skilningi þess orðs, enda

er svo voru sinnaðir,

mundu þá margir geta smokrað sér undan gjaldi til bæjarþarfa, er þó eiga jafnhægt um vik um greiðslu hæfilegs álags sem margir heimilisfeður, er eiga fyrir fjölskyldu að sjá, en afleiðingin yrði sú, að margir bæjarmenn misstu öll borgaraleg réttindi. Fyrir þessa sök gat nefndin með engu móti fellt burtu útsvar yðar með öllu, en úrskurð-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

aði að lækka það úr 16 kr. í 10 kr., einkum vegna þess, að þér eftir atvikum hafið ~~[illegible]~~ greitt helldur ríflegt útsvar ~~[illegible]~~ síðari helming ársins, sem leið.

Við þessi úrslit vonar nefndin að þér munið una.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mdt. 15/12.

Slept.

Niðurjöfnunarskráin fyrir árið 1904 sýnir að mér er gjört að skyldu að greiða í aukaútsvar 4 kr

Það hlýtur að vera af ókunnugleik nefndarinnar að hún leggur á mig aukaútsvar. Þar mér er kunnugt um að hún hefur ekki lagt útsvar á mína líka hvað ástæður snertir.

Ástæður mínar eru þannig. að jeg er fátæk Stúlka með Barn sem jeg er að reina að hafa ofanaf fyrir

Af sögðum ástæðum leyfi jeg mér að biðja hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd að fella útsvar mitt burtu

Virðingarfyllst

Holtsgötu № 9. 11. Dezember 1903

Katrín Þorleifsdóttir

áður á Steinum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar
á
Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Katrín Þorleifsdóttir
lausakona
Holtsgötu nr. 9.

Rvík. 8. jan. 1904.

Kæru yðar í bréfi, dags. 11. des. f. á., yfir aukaútsvari því til bæjarþarfa, að upphæð 4 kr., er niðurjöfnunarnefndin hefði gert yður að greiða um árið 1904, lagði eg fram á fundi nefndarinnar 4. þ. m.

Með því að nefndinni var ókunnugt um ástæðu þá, er þér hefið fram að færa, þá er hún lagði á yður þetta gjald, úrskurðaði hún að fella gjaldið algerlega niður.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15/12

felt

Kirkjuvogi 12 dec 1903

Eins og hinni heidrudu fátækranefnd í Reykjavíkur-
kaupstað mun kunnugt vera, veitti hún mér leyfi
sidastlid vor leyfi til þess að setjast ad, sem þurrabúd-
armadur í Reykjavík; en sökum orsaka gat ég ekki
notad téd leyfi á þessu ári, og skrifadi ég því fá-
tækranefndinni í sidastlidnum júnímánudi í tilefni
af þessu. Nú sé ég þó á gjaldenda-lista Reykjavíkur-
kaupstadar í Ísafold ad fátækranefndin hefir lagt
á mig 16 kr. aukaútsvar. Ég stend í þeirri mein-
ingu þar sem ég afturkalladi beidni mína um
búsetu í Reykjavík, og þar af leidandi ekki notadi
mér leyfid, ad mér beri þá ekki heldur, ad greida téd
útsvar. Mér væri því mjög kært, ef hinni
heidrudu fátækranefnd mætti þóknast ad láta
mig vita vid tækifæri hvernig í þessu liggur

Virdingarfyllst

Lárus Sigfússon

Til

fátækranefndarinnar í Reykjavíkurkaupstad

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Lárus Vigfússon
Kirkjuvogi

Rvík. 8. nóv. 1904.

Bréf yðar til fátækranefndar Reykjavíkur, dags. 12. f. m., var lagt fram á fundi niðurjöfnunarnefndarinnar 4. þ. m. og úrskurðaði nefndin að fella skuli niður það aukaútsvarsgjald, sem árið 1904, er hún hafði lagt á yður í síðastl. nóvembermánuði, með því að hún þá vissi eigi annað en að þér mynduð nota það leyfi, er bæjarstjórnin hafði veitt yður í vor til að setjast að hér í bænum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Med. 21/12. Slept.

Með því, að aukaútsvar hefir verið lagt á mig á síðasta niðurjöfnunarfundi hér í R.vík, leyfi eg mér, að skýra hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd frá því: að eg er ekki alfluttur hingað til bæjarins, eg dvel hér aðeins einn í vetur, til að undirbúa húsbygginga. Eg bý enn þá á parti af jörðinni Bæ í Hrútafirði, þar er kona mín og alt heimilisfólk; mitt litla bú stendur þar óbreytt til vors, jörðinni get eg ekki slept fyr en í næstkomandi fardögum. Það er fyrst eftir þann tíma, að eg hefi í hyggju að flytja mig hingað til bæjarins, þó er það ekkert víst enn þá.

Á fundi 7/11 þ.ár, hefir hreppsnefndin í Bæjarhreppi, samkvæmt meðfylgjandi reikningi, lagt á mig fult útsvar til næsta hausts.

Af ofangreindum ástæðum, leyfi eg mér að skora ~~eg~~ á hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd í Reykjavík, að fella burtu útsvar það er hún hefir lagt á mig, að upphæð Kr. 16,00

Mjóstræti 2. R.vík 18. desember 1903.

Virðingarfylst

Vilhjálmur Ingvarsson

Til

niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. Vilhjálmur Ingvarsson
Mjóstræti 2.

Rvík 9. jan. 1904.

Á fundi þeim, er niðurjöfnunarnefndin hélt 4. þ.m., lagði eg fram bréf yðar, dags. 18. des. f.á., og samþykkti nefndin að verða við kröfu yðar um að fella burt útsvar það, er á yður hafði verið lagt um árið 1904 hér í bæ, að upphæð 16 kr., því að samkvæmt þeim upplýsingum, er þér hafið í té látið, virðist engum efa á því geta leikið, að þér verðið að greiða útsvar ⌊til næsta hausts⌋ í hinum fyrri dvalarhreppi yðar.

Þessi úrslit birti eg yður að undirlagi nefndarinnar.

Útsvarsseðil yðar endursendi eg yður.

./.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ekki sint.

Mott. 12/12.

Háttvirta niðurjöfnunarnefnd!

Jeg undirskrifaður kæri hjermeð fyrir yður, að mjer þykir þið hafa lagt hærra útsvar á mig en jeg álít sanngjarnt. Það eru aðeins tvö ár síðan jeg fór að fá kaup. Fyrra árið hafði jeg 65 kr. þettað árið hafði jeg 75 krónur um mánuðinn, svo á jeg fátæka foreldra sem jeg þarf að hjálpa. Til samanburðar nefni jeg þá hr. Pál Stefánsson og Sigurð Þorsteinsson verzlunarmenn við Thomsens magasín. Páll hefir hærra kaup en jeg en Sigurður jafnhátt en þeir hafa báðir lægra útsvar.

Þessar ástæður vona jeg að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd taki til greina.

Reykjavík 12 desember 1903

Guðmundur Bjarnason.

klæðskeri.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. Guðmundur Bjarnason
klæðskeri.

Rvjk. 9. jan. 1904.

Kæru yðar í bréfi, dags.
12. des. f. á., yfir útsvari því, 20 kr.,
er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að
greiða til bæjarþarfa um árið 1904,
lagði eg fyrir nefndina á fundi
hennar 4. þ. m.

Nefndin athugaði vandlega
röksemdir þær, er þér hafið fram
að bera, og fann enga ástæðu til
að breyta gjaldi yðar þetta árið,
þar sem nefndin hefir einmitt lagt
sams konar gjald á þá menn, er
henni var kunnugt um að hefðu
sömu tekjur sem þér og líkar á-
stæður að öðru leyti, enda má
það teljast fremur lágt. Páll Stef-
ánsson verzlunarmaður, sá er þér
nefnið til samanburðar, hefir nú
miklu lægra gjald en vænta mátti,
fyrir þá sök, að hann hefir nýlega
orðið fyrir mjög tilfinnanlegu
tjóni, er nefndin þóttist eigi mega
þegjandi fram hjá ganga. Útsvar
hins fjárhaldsmanns yðar verður ef-
laust hækkað að mun við fyrsta
tækifæri.

Þessi úrslit birti eg yður
að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ekki sint.

Medt. 26/12.

Ég sé enga samkvæmni í því að hækka útsvar mitt um 35 kr. en lækka það á hátt launuðum embættismönnum og jafnvel á einum þeirra sem þó hefir vænt um 1000 kr. tekjuauka. Hjá öðrum stórum forretningsmanni sem líka á von á 1000 kr. tekjuauka er það látið standa í stað, en ég sem verð að vinnalaus og eigi hefi nokkurnveginn bót á kjörum mínum, ekki af því að ég nenni ekki að vinna heldur af því að mér er synjað um vinnu, verð fyrir talsverðri hækkun í skattgjöldum. Þó að ég kunni að hafa um 3000 kr tekjur verða þær miklu minni þegar ég, sem að satt er skýri frá því að ég þetta ár hefi auk veðdeildar af söfnunar sjóðs láns vaxta greitt 600 kr í láni vexti, mest partinn landsbanka um ɔ: 467 kr. og ef ég verð að fá umboðskostnað og dúnskatt af fasteignum mínum, þá verða hreinar tekjur mínar aðeins tæpar 2200 kr.

En til allra ársútgjalda kemst ég ekki af með minna en alls að 4000 kr. Svo að hér er auðskiljanlega aftur för en eigi framför í fjárhagsefnum.

Á þessu ári hefi ég [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að, sem stafar mest af húsbyggingu og
húsabótum sem á lausu í land til að geta
borgað sig. Verslunarskuldir og vöntun
lýsta [?] hafi af ábyrgðarlánum sem [?] liggja á
milli hluta og því án frekari mála
lenginga fram á að hin háttvirta niður
jöfnunarnefnd lækki útsvar mitt um
35 kr., það standi eins og í fyrra 20 kr.
sem er fullhátt í samanburði við aðra
sem hafa 2-3000 kr. árstekjur, en máske
minni skuldir í efnum sínum og léttara heimili

Reykjavík 24. des. 1903

Lárus Benediktsson

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. pastor emer. Lárus Benediktsson

Rvík 11. jan. 1904.

Kvörtun þá, er þér rituðuð niðurjöfnunarnefndinni 24. des. f. á., yfir aukaútsvari því, 125 kr., er nefndin hafði gert yður að greiða til bæjarþarfa um árið 1904, lagði eg fram á fundi nefndarinnar 4. þ. m.

Nefndin vildi á engan veg halla rétti yðar eða sýna yður óbilgirni í hlutfallslega ofmiklu álagi fremur en öðrum ~~[illegible]~~ borgurum þessa bæjarfélags. Hyggur hún enn, að það gjald, sem á yður var lagt, sé hæfilegt, — megi alls ekki vera minna í samanburði við aðra. Þér játið sjálfur, að tekjur yðar sé eða hafi verið síðastliðið ár „um 3000 kr.", eða ríflega svo miklar sem nefndin ætlaðist á um, er hún kvað á um gjaldið. Á slíkar tekjur hefir nefndin lagt 100–150 kr. í aukaútsvar, því að fleira verður að hafa í huga en upphæð teknanna á pappírnum, svo sem efni manna og ástæður að öðru leyti. Auk þess er gjaldþol þeirra manna miklu meira, sem eiga miklar arðberar eignir, en hinna, sem ekkert eiga verulegt eða eru í stórskuldum, svo sem vitanlegt er um suma, er í orði kveðnu hafa sömu tekjur sem þér og bera líkt útsvar eða litlu minna. Slíkir menn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mætti miklu fremur telja sér íþyngt um of með sínum gjöldum. Þenna meðalveg milli tekna manna af atvinnu eða eign annarsvegar og efnahags manna og ástæðna hinsvegar er nefndinni skylt að þræða að svo miklu leyti sem auðið er og þenna veg hyggst hún hafa fundið og farið, að því er álagning aukaútsvara yðar snertir.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ekki sint.

Hérmeð læt ég hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur-bæjar vita, að ég ekki enn hefi náð hálfmyndugsaldri; og álít ég mér því gjört rangt til, í samanburði við aðra unglinga þessa bæjar, með útsvarsálögu þeirri er nefndinni hefur þóknast að leggja á mig, og vil ég því hérmeð mælast til, að hin heiðraða nefnd láti burtu falla útsvar mitt.

Reykjavík 17 Desember 1903.

Ólafur J. Hoppé

Til niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Verzlunarm. Ólafur J. Proppé
Rvík.

Rvk. 8. jan. 1904.

Kæru yðar í bréfi, dags. 17. des. f. á., ~~[illegible]~~ kvörtun yfir því aukaútsvari, 6 kr., er nefndin nú í fyrsta sinn gerði yður að greiða til bæjarþarfa um árið 1904, lagði ég fram á fundi nefndarinnar 4. þ. m.

Sá nefndin sér eigi fært að taka kröfu yðar til greina, þar sem þér berið engin rök fram önnur en þau, að þér hafið enn eigi náð hálfmyndugsaldri, því að ekkert ein heimilar að lögum enga undanþágu frá ~~þessu gjaldi~~ útsvarsgjaldi, ef aðrar ástæður, efni eða tekjur, eru fyrir hendi á borð við aðra, er þetta gjald verða ef hendi að inna.

Þessi úrslit birti ég yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Meðt. 12/12. Móðir veslar fyrst
Faðir á skútu 1/3 – síðasta sept.
Bróðir hans hefir fasta vinnu við Iðunni Ekki sint.

Jeg hef orðið þess var að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd hefir lagt á mig aukaútsvar fyrir næsta ár Kr. 20.–. Í fyrra hækkaði nefndin gjald mitt úr 8 kr. uppí 15 kr.; nú í ár hækkar nefndin en gjaldið uppí 20 kr.

Jeg er alveg steinhissa og forviða yfir þessari gífurlegu hækkun sem nefndin hefur komist að niðurstöðu með að hækka á mér, þar sem ástæður mínar hafa í engu breyst hin síðustu 2 ár. Tekjur mínar sem stýrimanns nema tæpa 400 kr og það sem bróðir minn hefur unnið sér inn nemur um 200 kr. Faðir minn og móðir mín eru bæði komin hátt á 60 aldur, og faðir minn hefir alls eigi getað þetta ár unnið sér inn, neitt verulegt; jeg get valla talið það þó hann hafi lagt inn til mín 30 kr., en jeg verð þó að annast báða foreldra mína, án nokkurs endurgjalds.

Þegar nú á allt þetta er litið vona jeg hin heiðr. nefnd hefur farið hér þá leið, hvað álag á mig snertir, sem er ekki rétt, og til samanburðar leyfi eg mjer að nefna Jón Magnússon sem áður var í Skuld, velvinnandi mann og mjög vel efnaðann og sem á fjórða part í stóru þilskipi, er þetta ár hefir fiskað mjög vel. Á þenna mann hefir nefndinni ekki þóknast að leggja á nema aðeins 15 kr.

Þegar nú á allt er litið, vona jeg að hin heiðraða nefnd sjái það, að hér er engin sanngirni sem ræður, heldur er gjald mitt og gjald Jóns Magnússonar lagt á af handa hófi og án nokkrar yfirvegunar. Jeg leyfi mér því að krefjast þess, að gjald Jóns Magnússonar verði hækkað uppí 20 kr. en gjald mitt lækkað niður í 15 kr., eins og það var í fyrra, því eg álít að 15 kr. þær, sem þá voru lagðar á mig, séu sannarlega fullnóg upphæð, jeg vil benda því við nefndinni til leiðbeiningar og athugunar að jeg hef orðið þess var að í niðurjöfnunarskránni, að nefndin hefur lagt aðeins 20 kr. gjald

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á þenna sem eru aleinhleypir og hafa engum fyrir að sjá en hafa þó 1200kr úr landssjóði, enda vona jeg að nefndin geti líka séð í spegli rjettvísinnar gjald það er lagt er á bankaþjónana.

Sem sagt vona jeg að nefndin verði svo miskunnsöm að lækka gjald mitt úr því hún af sjálfshvötum fann ástæðu til að lækka bæði útsvar biskupsins og amtmannsins, og sjerstaklega bankastjórans.

Reykjavík, 14. desbr. 1903

Þorgrímur Jónsson

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

Hr. stýrimaður ~~skipstjóri~~ Þorgrímur Jónsson
Bergskoti.

Njn. 11. jan. 1904.

Kæru yðar í bréfi, dags. 14. des. f.á., yfir útsvari því, 20 kr., er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða til bæjarþarfa um árið 1904, lagði eg fram á fundi nefndarinnar 4. þ.m.

Nefndin gat með engu móti tekið gilda skýrslu yðar um tekjur yðar eða þeirra manna, sem á yðar vegum eru, því að sumum nefndarmönnum er fullkunnugt um, að faðir yðar og móðir ~~faðir yðar foreldrar~~ yðar eru enn ern og fullvinnandi; hann var síðastliðið ár á skútu frá marzbyrjun til septemberloka, hún hefir verið við fiskverkun sumarlangt, en bróðir yðar hafði fasta vinnu við „Iðunni". Af téðum ástæðum úrskurðaði nefndin að láta gjald það, er hún hafði á yður lagt, standa óbreytt, þar sem það má teljast mjög lágt, er miðað er við þann vinnukraft, er þér hafið, og ástæður yðar en að öðru leyti góðar.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leyfi jeg mjer að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd, að aukaútsvar mitt, sem síðastliðin ár hefur verið 18 kr., verði nú fært niður í 6 krónur af ástæðum þeim, er hjer tilgreinir

Ragnheiður Pjetursdóttir systir mín hefur legið sjúk á spítalanum síðan í janúar 1903, og verð jeg að greiða með henni tvær krónur um hvern dag. Jeg vona því að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd taki tillit til þessarar mikilvægu ástæðu, þareð hún hlýtur að sjá, að tekjur mínar, sem í mesta lagi eru 400 krónur á ári, eru langt frá að nægja fyrir mig að lifa af, og svo til að standast þennan kostnað.

Reykjavík 3. nóvember 1903

Virðingarfyllst

Anna Þóra Pjetursdóttir

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg vil leyfa mér að tjá hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkurkaupstaðar, að í tilefni af óhöppum sem ég hefi orðið fyrir í ár og sem eru innifalin í ábyrgðum sem á mig hafa fallið. Þætti mér ekki nema eðlilegt að hún tæki tillit til og legði þeim minna á mig heldur en síðastliðið ár þessi upphæð nemur fullum 1300.00 Krón. og skerðir það svo eigur mínar að ég

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mi tilgang eigurlátinn madur eptir.

Virðingarfyllst.

Claus Stefánsson

Til

niðurjöfnunarnefndar

Reykjavíkurkaupstaðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg leyfi mjer hjermeð að láta hina heiðruðu niðurjöfnunar-nefnd Reykjavíkur vita um hagi mína og kringumstæður, af því jeg býst við, að henni sje það ekki eins kunnugt og skyldi. Jeg er 56 ára, get ekki gengið til neinnar stritvinnu, og þar af leiðir hefi jeg litla sem enga atvinnu; Kona mín er komin yfir sextugt, og er meira og minna heilsulasin. Jeg hefi engan vinnumann og enga fyrirvinnu mjer til aðstoðar.

Efni mín eru húseignin 48 í vestargötu, og hvílir þó á því skuld til veðdeildarinnar 2000 kr. auk þess á jeg 10 sauðkindur. Þegar nú hin heiðraða nefnd lítur á þessar kringumstæður vona jeg hún sjái, að jeg er ekki fær um að borga jafn hátt gjald og að undanförnu. Jeg leyfi mjer því að fara þess á leit við nefndina að hún færi gjald mitt niður til mjög miklu minna frá því sem áður hefur verið, og sjerstaklega þar sem jeg þarf að annast móður mína 80 ára.

Reykjavík 18. Nóvemb. 1903.

Virðingarfyllst.

Snorri Olafsson

Til Niðjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg leyfi mjer að skýra hinni
heiðruðu Niðurjöfnunarnefnd frá
högum mínum og ástaðum.
Jeg kom til bæjarins í síðastliðna
vori. og hef verið hjer í bænum
í sumar við trjesmíði
Jeg er alveg efnalaus maður. en
skulda talsvert mikið.
Jeg vona eftir að hin heiðraða
nefnd leggi ekki hátt gjald á
mig í þetta sinn.

Reykjavík 18 Nov. 1903.

Guðmundur Brynjólfsson

Til Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Af þeim örsökum að eg þikist vita. að hinni heiðruðu niðurjöfnunar nefnd sjeu ókunnar ástæður mínar þá leyfi eg mjer virðingar fyllst að skýra henni frá þeim svo rjett sem eg get. í von um að hún áliti svo að eg hafi nú sem stendur ekkert gjald þol til fátækra sjóðs Bæarins

jeg er orðin hálf fimtug og hef leingi verið heilsu tæp og fyrir nokkrum árum fjekk eg vott orð hjá Doktór Jónassen sem segir að eg sje ekki fær um að vera í vist og í sumar sem leið hef eg verið með svo veikri heilsu að jeg hef ekki getað unnið fyrir nauðþurftum mínum styrk hef eg nú verið hvergi frá síðan 1901 að eg fjekk hann síðast úr V Fischers sjóði. Jónas sonur minn var fermdur í fyrra haust og er nú rúmra 15 ára og hans vinna er það eina sem jeg hef bæði til að lifa af og borga húsaleigu. og vona eg nú svo góðs til Niðurjöfnunar nefndarinnar að hún taki þessa frásögn mína til greina og láti mig ekki

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svara út til fátækra sjóðs næsta ár

með vinsemd og virðingu

Miðdal 5 Nóvember 1903

Benónýja Jósefsdóttir

Til

Formans Niðurjöfnunar nefnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík
4-11-1903

Hjer með leyfi jeg mjer mildilegast að tjá yður að jeg er óánægður yfir því hvað auka útsvar mitt var sett hátt síðastliðið ár. Jeg þikist vita það hafa komið af ókunnugleika ukkar (sem eðlilegt er) um efnahag minn og ástæður eins og sumra annara.

Vitanlegt er það að jeg er hjer einhleypur maður, sem kallaður er; en mik, þó fyrir 2 ur ómögum að sjá þó ekki sjeu hjer, sem jeg býst við að þið vitið ekki af; um kunnugt er ukkur um laun; og þarfir mínar getið þið farið nær um, en eignir mínar eru litlar að frádregnum skuldunum. Útsvar mitt var síðastliðið ár 14. kr.; að það sje of lágt skal jeg engan dóm á leggja

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en á samanburdi við aðra er það ranglátt. Jeg skal t. d. nefna Sigurð Guðlaugsson Vatnsstíg 10. nú á Hverfisgötu: Hann hefur konu og 2 börn stálpuð fyrir að sjá, á hálft hús (stórt) og víst 1/4 eða 1/3 part á þilskipi (C Haraldi) og hefur ágæta atvinnu yfir árið. Þessi maður var látinn borga (einar) 10 Kr til sveitar ef mig minnir rjett, síðast liðið ár.

Fleiri dæmi mætti telja af þess konar, og jafnvel benda á menn sem ekkert hafa verið látnir borga sem ef til vill eru efnaðri en við báðir.

Jeg vona nú að þetta verði tekið til greina sem jeg hefi sagt og útsvar mitt fært niður í 10 Kr núna

Yðar með virðingu

Páll Árnason
(næturvörður)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg undir skrifadur til kinni heidrudum formanni nidurjöfnunarnefndarinnar ad eg hugsa til ad flitja hjedan úr bænum nú þegar Hólar koma og eg hef hugsad mjer ad sigla til Kaupmanna hafnar til ad nema þar sjómanna frædi og þess vegna óska eg eftir ad þad verdi ekki lagt á mig sveitar út svar næsta ár = 1904

med vin semd
og virdingu

Gudmundur Sigurdsson
(skósmidur)
í Vorhúsum í Reykjavik 29 oktober - 1903

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í tilefni af því að jeg hefi flutt til Reykjavíkur á þessu ári, frá Ólafsvík, (17 september í haust) þá leifi jeg mjer hjermeð að tilkynna hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur ástæður mínar áður niður jöfnun er lokið, svo hún geti haft hliðsjón af þeim við störfa sinn gagnvart mjer

Ástæður mínar eru þannig er nú skal greina.

1. Að jeg hefi undanfarin 3 ár verið mjög lasinn til heilsunnar, og þar-afleiðandi ekki getað unnið með jafnaði
2. Að jeg hefi verið veikur síðan á miðju sumri og ekkert getað unnið,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og nú undir læknishendi

3. Að jeg hefi 1. gamalmenni fyrir að sjá að öllu leyti.

4. Að jeg hefi ekkert, það undir hendi, eða á, sem hundarbært er eða byggt verður útsvar á

Stórn-Grund
í Reykjavík 9 nóvember 1903

Jens Jónsson
(Hjersmiður)

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Af því að mjer undirrituðum hefur í undanfarandi ár, þótt útsvar mitt of hátt, þótt jeg hafi ekki kvært það, í saman burði við marga aðra, sem stunda sömu atvinnu og jeg, og hafa þarri ómaga, þá leifi jeg mjer að gefa yður þær upplísingar að jeg er hvorki skipstjóri eða styrimaður nú heldur háseti; og hef finnm ómaga, jeg vonast eptir að þettað verði tekið til greina.

Reykjavík 4 Nofenber 1903

Tómas Jónsson frá Sveinsbæ

Til Niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1./

Þarsem eg um undanfarin ár sjálfur hef setið í niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hefi eigi fundið ástæðu til að skýra nefndinni frá högum mínum, efnahag eða inntektum en vil nú leyfa mér að skýra nefndinni frá hvernig ástæðum mínum og inntektum hagar:

Í húsi mínu skulda jeg landssjóði 7000kr og í túni mínu í Sandagerði skulda jeg 1600kr, auk þess skulda jeg talsverðar búðarskuldir og utanlands skulda jeg liðugar 2000kr þetta getur hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd fengið að sjá hjá mér ef hún ekki trúir þessu.

Tekjur mínar eru sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Fyrir sölu á ofnum og eldavélum | Kr. | 550 » |
| 2. — útsendingu Stjórnartíðindanna nokk. | | 150 » |
| 3. Frá leikfélagi Reykjavíkur fyrir starf mitt | | 200 » » |
| Fyrir innköllun á skuldum og málfærslu | | 250 » |
| — umsjón með dómkirkjunni | | 100 » |
| | Kr. | 1250 » |

Jeg vil ennfremur taka það fram að innkallanir á skuldum hef jeg haft undanfarin ár talsvert miklar en nú þetta ár sama sem engar, enda var eg fjærverandi í útlöndum meiri part sumarsins.

Jeg kosta son minn í lærða skólanum og verð að borga fyrir hann bækur og fleira en hef aldrei til D. D. sókt um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2./

neinn námsstyrk fyrir hann. Dóttur mína hef eg orðið að kosta meira og minna 2 ár erlendis og það hefur kostað mig stór upphæðir.

Af framanskrifuðu vona eg hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd sjái að jeg muni ekki hafa stórt gjaldþol enda þótt að ýmsir álíti að gjald það sem á mig hefur verið lagt hafi verið lágt, og kemur það víst mest til af því að þeir hafa ímyndað sér, að tekjur mínar og efnahagur væri á allt annan veg en hér hefur verið skýrt frá.

Jeg skrifa hinni heiðruðu nefnd þessar línur í því trausti að hún láti útsvar það sem á mig hefir verið lagt, standa óbreytt, því jeg óska ekki eptir að gjald mitt verði fært niður frá því sem áður hefir verið, en álít á hinn bóginn hróplegt ranglæti ef gjaldið væri hækkað eptir þeirri inntekt sem eg hefi —

Reykjavík, 9. nóvbr. 1903
Virðingarfyllst
Kristján Þorgrímsson

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirritaður leyfi mjer hjer með virðingarfyllst að gefa hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur til kynna, að jeg sökum efnaskorts, gigtveiki, og ellihrumleika eigi lengur treysti mjer til að hafa ofan af fyrir mjer í lausamennsku, eins og jeg að undanförnu hingaðtil hefi gjört, en hefi nú í haust alveg farið til sonar míns Bjarna Árnasonar í Bergstaðastræti, Nr. 11.a, sem á þessu sumri fjekk tómthúsmannsleyfi í Reykjavík. Er jeg því nú og verð framvegis algjörlega hans heimilismaður, og falin hans umönnun, og vinn honum það lítið, sem jeg get unnið. Leyfi jeg mjer því að óska þess og vænta, að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd eigi leggi á mig aukaútsvar til bæjarsjóðs fyrir næstkomandi ár eða framvegis, vegna þess að kjör mín og kringumstæður hafa breyzt, eins og jeg nú hefi frá skýrt.

Bergstaðastræti, Nr. 11 a, í Reykjavík, 29. oktober 1903.

Virðingarfyllst

Árni Bjarnarson

(í fyrra á Reynistað í Reykjavík)

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
bæjarfógetans í Rvík.

3. ág. 1904.

Á fundi niðurjöfnunarnefndarinnar 1. þ.m. út af kærum yfir aukaniðurjöfnuninni í sumar var samþykkt að lækka útsvör þessi:

1. ráðherra H. Hafsteins um 150 kr. (úr 400 kr. í 250 kr.)
2. landritara Kl. Jónssonar um 100 kr. (úr 250 kr. í 150 kr.)

sökum þess, að þeir hafa greitt full útsvör fyrra helming ársins annarsstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
bæjarfógetans í Rvík.

17. ág. 1904.

Á fundi niðurjöfnunarnefndarinnar í gær út af kærum, er nefndinni höfðu borist eftir það er síðasti fundur var haldinn og í síðustu forvöð, var samþykt að lækka þessi útsvör:

1. bankastj. E. Schou's um 100 kr. (úr 400 kr. í 300 kr.)
2. bankabókara Sv. Hallgrímssonar um 10 kr. (úr 60 kr. í 50 kr.).

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á aukaniðurjöfnunarskrá þeirri
sem nú liggur frammi til sýnis,
sje jeg að mjer er gjört að skylda
að greiða í aukaútsvar til kaup-
staðarins 250 krónur. Með því að
mjer þótti þetta svo gífurlegt út-
svar, að jeg hugði, að hjer væri um
einhvern misskilning að ræða,
talaði jeg um þetta við einn í
niðurjöfnunarnefndinni og sagði
hann mjer þá, að af því jeg hefði
komið hingað í lok janúar-
mánaðar, þá hefði útsvarið
verið miðað við veru mína
hjer í 11 mánuði. Með því að
slík álagning á mig er með öllu
ólögmæt, verð jeg að leita til hinn-
ar háttvirtu nefndar og skora á
hana að leiðrjetta þennan mis-
gáning. Að vísu flutti jeg hingað
sjálfur í lok janúarmánaðar
þ. á. en bú mitt og fjölskylda
stóð og átti heimili á Akureyri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til aprílloka. Samkvæmt 23. gr.
í lögum nr 22. 8. okt. 1883 um
bæjarstjórn á Akureyri; átti jeg því
að greiða útsvar þá, til loka þess
ársfjórðungs; er hófst 1. apríl eða
til júní-loka, enda hefi bjeg látið
gera það. Mjer ber því samkvæmt
þessu aðeins að borga útsvar eigi
frá 1. júlí; einnig og líka er tekið
fram með berum orðum í 25. gr.
í tilsk. 20. apríl 1872, en sem líka
út fyrir, að nefndinni hafi verið
ókunnugt um útsvar mitt fyrir
þetta ár, ef útsvar nefndarinnar
er lagt til grundvallar, þó það
sje reyndar alltof hátt, á því að
vera 136 krónur, og krefst jeg þess,
að útsvarið verði fært niður í
þessa upphæð.

Þar sem alveg eins stendur
á með ráðherra H. Hafstein
og samskonar lagafyrirmæli
eiga við hann, skal jeg hjermeð
í fjarveru hans, en í hans
umboði krefjast þess, að hans
útsvar verði fært niður úr

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

400 krónum niður í 220 krónur

Reykjavík 18. júlí 1907.

K. Zimsen

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. landritari Kl. Jónsson

Rvk. 3. ág. 1904.

Þér hafið í bréfi, dags. 18. f. m. kært fyrir sjálfs yðar hönd og ráðherra H. Hafstein, eftir umboði hans, yfir aukaútsvörum þeim, er á yður og hann hér í bænum voru lögð við aukaniðurjöfnun í sumar.

Niðurjöfnunarnefndin hefir á fundi 1. þ. m. ~~[illegible]~~ athugað ástæður yðar og fallist á að taka þær til greina á þann veg, að þér sjálfur greiðið í bæjarsjóð þann helming ársins, sem hefst með 1. júlí þ. á., 150 kr. (gjaldið lækkað um 100 kr.) og umbjóðandi yðar, ráðherra H. Hafstein, greiði 250 kr. (gjaldið lækkað um 150 kr.).

Þessi úrslit tilkynni eg yður hér með, sjálfs yðar vegna og umbjóðanda yðars, að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavik, den 5 August 1904.

Undertegnede tillader sig, i Anledning af det mig for Halvaaret Juli - Decbr 1904 paalignede Skattebidrag til Reykjavik Commune, herved ærbødigst at andrage den høitærede Ligningskommission om ved Ansættelsen af min Skattepligt at tage Hensyn til, dels at jeg maa betale Skat i Kjøbenhavn til 30 Juni d. A., da mit Hjem først flyttedes fra København hertil den 26 April, dels at jeg maa betale Husleje af min Lejlighed i Kjøbenhavn til Octbr Flyttedag i A. da jeg havde lejet med halvaarsvis Opsigelse til en Flyttedag og først efter October Flyttedag i F. fik Tilbud om Overtagelse af min nuværende Stilling, dels at jeg i Anledning af min og mit Hjems Flytning saavelsom Completering af Bohave og Beklædningsgenstande specielt i Aar har haft særdeles store Udgifter. Jeg henholder mig iøvrigt til de mundtlige Oplysninger om min Indtægt og de mig paa-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hvilende Forpligtelser, som jeg har haft Lejlighed til at fremföre for den höjtærede Formand for Ligningskommissionen, og tillader mig at forvente, at man under Hensyntagen til disse vil ansætte mig til en passelig Skatteydelse.

Med Höjagtelse
Emil Schou
adm. Direktör
for
Islands Bank.

Til

Ligningskommissionen for Reykjavik Commune,
Reykjavik

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. bankastjóri E. Schou.

Rví. 17. ág. 1904.

Þér hafið í bréfi, dags. 5. þ. m., sent niðurjöfnunarnefndinni kæru yfir ~~auka~~útsvari því til bæjarsjóðs, er nefndin lagði á yður við auka-niðurjöfnun hér í bænum í sumar.

Nefndin hefir á fundi í gær athugað þær skýrslur um hagi yðra og ástæður, er þér hafið látið oss í té í ~~áðurnefndu~~ téðu bréfi, svo og munnlega, og féllst nefndin á að taka kæru yðra til greina og úrskurðaði að lækka gjald yðart um <u>100 kr.</u>, úr 400 kr. í <u>300 kr.</u>

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík þ. 27-7-04.

Af útsvarsseðli þeim, sem jeg hefi nýlega fengið, og þar sem mjer er gert 60 kr. útsvar fyrir síðari helming þessa árs, þykist eg sjá, eptir þeirri þekkingu sem jeg annars hefi á útsvörum manna hjer í bæ, að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd hljóti að hafa óljósar eða rangar hugmyndir um efnahag minn. Og þar eð mjer virðist útsvarið sett miklu hærra enn sanngjarnt sje, leyfi jeg mjer að skýra nefndinni frá þeim tekjum sem jeg hefi þetta ár til að lifa af.

Í þeim tilliti er aðalatriðið, að laun mín eru ekki meira en 1800 kr á ári, og staðfestinga minnar svo varið að jeg á ekki kost á að vinna mjer neitt inn aukreitis. Og þó að jeg, eða rjettara sagt kona mín, hafi annars góðan stuðning af fastri eign okkur tilheyrandi, þá kemur það alls ekki til greina þetta ár, því að þessum tekjum hefi jeg, áður en jeg kom hingað, þurft að verja öllum, og jafnvel meira fje, til flutningsins hingað og ymsra nauðsynlegra útgjalda, sem standa í sambandi við flutninginn, eins og nefndin mun eiga hægt með að gjöra sjer ljóst. Tölverður aukinn kostnaður er því jafnan samfara að taka sig upp og flytjast búferlum til annars fjarlægs staðar, auk hins beina kostnaðar: fargjalds og farmgjalds; auk þessa er þess að gæta að jeg skulda tölverða peninga sem jeg verð að borga bæði vexti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og afborganir af; enn er þess að geta, að sökum þess að jeg fjekk svo seint að vita um að jeg kæmist að bankabókarastöðunni, gat jeg ekki sagt lausu húsnæði mínu í Höfn í tæka tíð, en af því leiðir að jeg verð að gjalda þar húsaleigu fyrir 5 mánuði eptir að jeg fór úr húsinu og veldur það mjer um 200 kr útgjöldum. Eg fullvissa yður heiðraða nefnd um, að til ársloka hefi eg alls engar aðrar tekjur en laun mín við Íslandsbanka. Jeg leyfi mjer að bera mig saman við menn með 1800 kr árstekjum eða þar um bil og leyfi mjer til samanburðar að nefna nokkur útsvör slíkra manna:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bjarni Sæmundsson kennari (1bara laun 2000 kr) | útsv | 80 kr |
| Hallgr. Melsted, einhleypur | - 1800 | - 50 - |
| Jón Þorkelsson dr (laun og tekjur alls og alls án efa 2-3000) | - | 80 - |
| Ólafur Rosenkranz (tekjur efalaust yfir 2000) | - | 60 - |
| Pálmi kennari Pálsson tekjur samtals um 2800 | - | 90 - |

Þegar þess er gætt, að mjer er gert hátt útsvar fyrir 6 eða í mesta lagi 7 mánuði, þá mundi ársútsvar mitt, eptir sama mælikvarða, verða 100 - 120 kr, eða miklu hærra en allra hjer taldra manna, þótt hver þeirra hafi samfara ljettara búi, meiri, jafnvel miklu meiri tekjur en jeg.

Samkvæmt öllu, sem jeg hjer hefi tekið fram, verð jeg að álíta að mjer geti þetta ár ekki með neinni sanngirni orðið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gert hann aukaútsvar en 20 - 35 kr og leyfi mjer því að krefjast 25 - 30 kr lækkunar

Virðingarfyllst.

Sv. Hallgrímsson.

Til niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. bankabókari Sv. Hallgrímsson

Rvík. 17. ág. 1904.

Þér hafið í bréfi, dags. 27. f. m., kært yfir útsvari því til bæjarsjóðs, er niðurjöfnunarnefndin lagði á yður í sumar við aukaniðurjöfnunina hér í bænum.

Niðurjöfnunarnefndin hefir á fundi í gær athugað þær upplýsingar um hagi yðar, er þér hafið gefið oss bæði í bréfinu og munnlega, og fallist á að taka kæru yðar að nokkru leyti til greina og úrskurðað, að lækka beri gjald yðar um 10 kr., úr 60 kr. í 50 kr.

Þessi úrslit birtist og yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur